

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM), Hannes Sigurðsson, (Listfræðifélag Íslands), Hlynur Helgason, (SÍM), Auður Jörundsóttir (framkvæmdastjóri KÍM) og Klara Þórhallsdóttir (verkefnastjóri KÍM) ritar fundargerð.

**Tilefnið að þessum aukafundi (2) Myndlistarráðs er að Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ákveðið að veita sérstaka aukafjárveitingu til myndlistar vegna afleiðinga heimsfaraldurins Covid 19 til að bregðast við tekjutapi listamanna.**

## 1. Aukaúthlutun Myndlistarráðs vegna Covid19

Farið yfir skilyrði sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið setti fram og yrðu í auglýsingunni fyrir aukaúthlutun vegna Covid19. Þær eru eftirfarandi:

### *Sérstök úthlutun Myndlistarráðs vegna Covid19*

*Samkvæmt þingsályktun um sérstakt tímabundið fjárfestingaátak til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru hefur Myndlistarráði verið falið að úthluta fé til átaksverkefna á sviði myndlistar.*

*Auglýst er eftir styrkjum til verkefna á sviði myndlistar. Veittir verða verkefna og launastyrkir til einstaklinga, sem ætlaðir eru til að auðvelda framkvæmd verkefna á sviði listsköpunar og listrannsókna.*

*Athugið að ekki gilda almennar reglur um úthlutun úr Myndlistarsjóði að þessu sinni. Einingis verða veittir styrkir til sjálfstætt starfandi listamanna og geta stofnanir, gallerí, stofnanir og félag ekki sótt um.*

*Skilyrði fyrir styrkveitingu.*

*- Verkefnið hefst eigi síðar en 1. september 2020 og verði lokið fyrir 1. apríl 2021.*

*- Um sé að ræða átaksverkefni sem styðji við fjölbreytta starfsemi á sviði lista og menningar með áherslu á sköpun og virka þátttöku listamanna í menningarlífi landsmanna.*

*- Verkefnið uppfylli grunnmarkmið fjárfestingarátaksins um að styðja við eftirspurn og atvinnu til skamms tíma með arðbærum verkefnum.*

*- Sýnt sé fram á gildi verkefnis og mikilvægi þess fyrir landsmenn.*

*- Styrkveiting sé til undirbúnings, þróunar og framkvæmd verkefnis.*

*- Ítarlegar upplýsingar um verkefnið auk tímaáætlunar.*

*\*- Ekki séu veittir styrkir til þeirra sem njóta listamannalauna í 6 mánuði eða meira árið 2020.*

\*Hætt var við að setja þau skilyrði að þeir sem njóti listamannalauna geti ekki sótt um.

Í skilyrðunum kemur fram að eins og um hefðbundna verkefnastyrki væri að ræða, en það samræmist ekki áherslum Myndlistarráðs sem vill líta á þetta sem laun til listamanna. Þannig að listamenn yrðu ekki að undirbúa ný verkefni heldur væri úthlutunin hugsuð sem björgunarhringur fyrir listamenn sem verða af tekjumissi.

Einnig var rætt um að skilyrðin um mikilvægi og arðbærni verkefnis fyrir landsmenn samræmist ekki heldur áherslum Myndlistarráðs. Hinsvegar mætti líta á það sem huglæga arðbærni eða/og menningarleg verðmæti.

Rætt var um hvort ætti að sameina þessa aukaúthlutun hefðbundnum úthlutunum úr sjóðnum, allir voru á einu máli um að hafa hefðbundna seinni úthlutun úr Myndlistarsjóði eins og fyrirhugað er nk. ágúst. Umsækjendur í þessari aukastyrkveitingu geta þá sótt um í Myndlistarsjóð aftur í ágúst.

Ákveðið var að hafa eina fasta upphæð (500.000 kr.) sem gerir Myndlistarsjóði kleyft að styrkja u.þ.b. 100 umsækjendur. Umsóknarformið yrði einfalt og án kostnaðaráætlunar. Styrkirir væru aðeins ætlaðir einstaklingum, ekki til stofnanna, sýningarrýma eða hópa. Áherslan væri á sjálfstætt starfandi listamenn.

Auglýsing mun birtast í helgarblaðinu og umsóknarfrestur yrði til 11 maí. Myndlistarráð kemur saman og fer yfir umsóknir fyrir 20 maí. Greitt verður úr sjóðnum um mánaðarmótin maí-júní.

## 2. Skipun dómnefndar Íslensku Myndlistarverðlaunanna

Eftirfarandi félag skipa einn fulltrúa frá Myndlistarráð (formaður Myndlistaráðs), Listaháskóli Íslands, Listfræðafélag Íslands, safnstjórar íslenskra listasafna og Samband íslenskra myndlistarmanna. Stjórnendur þeirra stofnana sem að dómnefnd standa tilnefna tvo fulltrúa til setu í dómnefnd. Kynningarmiðstöð íslenskar myndlistar heldur utan og setur saman dómnefnd úr innsendum tilnefningum þeirra fagfélaga sem að henni standa.

## 3. Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur 13. maí kl.8:30.

Fundi slitið kl.15:00